

79. fundur Heklnnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 4. september 2020 kl. 9:00 í Teams.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Ásta Elefsen, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson og Berglind Kristinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Verkefnastaða Markaðsstofu Reykjaness – Þuríður H. Aradóttir Braun**
Þuríður fór yfir verkefni Markaðsstofunnar. Stjórnin ræddi og stöðuna og næstu skref. Fundarmenn sammála um að auka samskipti við ferðapjóna. Formanni og verkefnastjóra MR falið að vinna verkefni áfram.
- 2. Atvinnustefna fyrir Suðurnes – undirbúningur.**
Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja er gerð sameiginlegrar atvinnustefnu fyrir Suðurnesin. Mikilvægt er að kortleggja styrkleika sveitarfélaga á Suðurnesjum og marka stefnu svo hægt sé að sækja fram. Fyrsta skrefið er að safna saman upplýsingum. Stjórn Heklnnar og MR samþykkir að láta taka saman upplýsingar og leggja fyrir stjórn. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna verkefnið áfram.
- 3. Atvinnu-og/eða framleiðsluhúsnæði fyrir frumkvöðla – Dagný Gísladóttir.**
Ráðgjafar Heklnnar veita sprotafyrirtækjum og frumkvöðlum ráðgjöf á sviði nýsköpunar og er hún í formi viðtals, með tölvupósti eða í símtali auk þess sem lesið er yfir styrkumsóknir, viðskiptaáætlanir, markaðsáætlanir og önnur gögn. Reynt er að koma sprotum í samband við rétta aðila og vísa þeim áfram á rétta staði auk þess að kynna fyrir þeim fjármögnunarmöguleika.

Mikil eftirspurn er nú í ráðgjöfina og þar eru að koma inn mörg áhugaverð verkefni sem væri eftirsóknarvert að fylgja betur eftir. Þá eru í vinnslu önnur verkefni sem fóru í gegnum námskeiðið Ræsing sl. vetur og Stafrænt forskot í samstarfi við NMÍ. Það sem þessi verkefni eiga sameiginlegt er þörf á húsnæði. Þá er ekki verið að tala um skrifstofuaðstöðu heldur framleiðsluhúsnæði. Þörfin eftir húsnæði er mismunandi en oft á bilinu 50 – 100 fm., aðgangur að rafmagni og vatni, ef um er að ræða matvælaframleiðslu þarf að uppfylla skilyrði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Stjórn Heklnnar og MR felur formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna verkefnið áfram í samræmi við umræður fundarins.

4. **Atvinnuleysistöður.**

Atvinnuleysi á Suðurnesjum var eftirfarandi samkvæmt síðustu birtu upplýsingunum frá Vinnumálastofnun.

	<i>Apríl</i>	<i>Mai</i>	<i>Júní</i>	<i>Júlí</i>	<i>Ágúst (áætlun)</i>	<i>Sept. (áætlun)</i>
<i>Reykjanesbær</i>	13%	14,4%	15,9%	18,%2	19,6%	19,8%
<i>Grindavíkurbær</i>	7%	7,1%	7,3%	8,7%	9,4%	9,4%
<i>Sveitarfélagið Vogar</i>	9,9%	10,6%	11,8%	12,3%	13,2%	13,4%
<i>Suðurnesjabær</i>	11,2%	11,3%	12,1%	13,7%	14,%7	14,9%

Inn í þessar tölu vantar um 200 einstaklinga sem sagt var upp í þessari viku. Ljóst er að atvinnuleysistöður á Suðurnesjum endurspeglar afleiðingar af Covid19.

Stjórn Hekluunar og Markaðsstofu Reykjanes lýsa yfir mikil áhyggjum af stöðu mála. Stjórnin tekur undir bókanir aðilarsveitarfélaganna á Suðurnesjum, þar sem ríkisstjórn Íslands er hvött til að ráðast í aðgerðir til hjálpar þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem þessar sóttvarnaraðgerðir bitna hvað harðast á.

Allir skilja að skilja þörfina fyrir sóttvarnaraðgerðir en ekki er hægt að láta einstaka landshluta bera stærstan hluta þess efnahagslega skaða sem óneitanlega hlýst að af þessum aðgerðum.

Stjórn Hekluunar og Markaðsstofu Reykjanes hvetur ríkisstjórn Íslands og þingmenn svæðisins til dáða. Það eru fjölmörg atvinnuskapandi verkefni sem hægt er að ráðast í með litlum fyrirvara og nú ríður á að allir rói í sömu átt til þess að lágmarka skaðann.

Bæjarstjórar á Suðurnesjum auk framkvæmdastjóra S.S.S. fara á fund forsætisráðherra í næstu viku og þar sem þessari bókun verður komið á framfæri.

5. **Önnur mál.**

Formaður SAR sagði frá stöðu fyrirtækja í kringum Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Mismunandi er hvort fyrirtæki hafa sagt upp starfsmönnum en einhver fyrirtæki hafa nýtt sér hlutabótaleiðina sem rennur út í október. Ljóst er að þungir mánuðir eru framundan.

Fundi slitið kl. 9:45.